

Bikarkeppni

Sundsambands Íslands

Vatnaveröld, Reykjanesbæ

26. september 2026

Bikarkeppni SSÍ 2026

Sundsamband Íslands kynnir hér breytt fyrirkomulag Bikarkeppni SSÍ. Markmið breytinganna er að jafna keppni milli liða, auka spennu og koma til móts við þróun hreyfingarinnar. Breyting á reglugerð mótsins er unnin útfrá því sem kom fram á þjálfarafundi í vor.

Í upplýsingabréfinu er að finna helstu breytingar, lykilupplýsingar og mikilvægar dagsetningar. Í lok bréfsins er að finna nýsamþykkt reglugerð um Bikarkeppni Sundsambands Íslands sem gildir um mótið. Ef ósamræmi er milli þess sem kemur fram í þessu bréfi og reglugerðarinnar gildir reglugerðin.

Lykilupplýsingar

Dagsetning móts: 26. september 2026

Keppnisstaður: Vatnaveröld, Reykjanesbæ. Keppt á 6 brautum í 25m laug.

Keppnisfyrirkomulag: Tvær deildir. Tveir hlutar fyrir hvora deild.

Skráningarfrestur: Tilkynna þátttöku liða fyrir kl. 23, 11. september 2026

Skráningarleið: Tilkynna þarf þátttöku liða í gegnum þjónustuvef SSÍ

Hádegismatur: Boðið verður upp á hádegismat á 2.500 kr

Bikarkeppni Sundsambands Íslands fer fram í Vatnaveröld í Reykjanesbæ, 26. september 2026. Keppt verður í 25m laug á sex brautum. Bikarkeppninni er skipt í tvær aðskildar deildir þar sem þrjú lið keppa í fyrstu deild og allt að 6 félög í annari deild. Tveir mótshlutar eru í hvorri deild. Stigakeppni er aðskilin í karlaflokk og kvennaflokk.

Boðið verður upp á hádegismat á milli hluta í Blue höllinni, rétt við laugina. Á matseðlinum er lasagne, hvítlauksbrauð og ferskt salat á 2.500 kr. Þar sem tíminn á milli hluta er stuttur reiknum við með að keppendur nýti sér hádegismatin. Skráning þarf að berast í gegnum þjónustuvef SSÍ fyrir kl. 12:00 miðvikudaginn 23. september 2026.

Einnig verður boðið upp á hvíldarsvæði á milli hluta þar sem liðin geta hvílt sig. Taka þarf fram þegar matur er pantaður hvort félögin vilji nýta sér hvíldarrými, fyrir kl. 12:00 miðvikudaginn 23. september 2026.

Helstu breytingar

Þrjú lið í fyrstu deild

- Liðum í fyrstu deild fækkar úr fjórum í þrjú
- Áfram tveir keppendur frá hverju liði í hverri grein

Breytt stærð annarar deildar, B- og C- liðum boðin þátttaka

- Allt að sex lið í annarri deild
- Ef deildin fyllist ekki hefur stjórn SSÍ heimild til að bjóða B- og C- liðum þátttöku.
- B- og C- lið eru utan stigakeppni og verðlauna.

Sérstakir bikarmeistarar í karla- og kvennaflokki

- Krýndir verða bikarmeistarar karla og bikarmeistarar kvenna, en ekki sameiginlegur titill.

Breytingar á greinaframboði og boðsundum

- 800m skriðsund kemur í stað 400m skriðsunds í fyrstu deild.
- Breytt boðsund þar sem ekki er lengur keppt í blönduðum boðsundum.
- Ein boðsundssveit frá hverju liði í boðsundsgreinum

Deildaskipting 2026

Þátttaka í fyrstu deild er boðin þeim þremur liðum sem voru efst í Bikarkeppni SSÍ 2025:

- Íþróttabandalag Reykjavíkur
- Íþróttabandalag Reykjanesbæjar
- Sundfélag Hafnarfjarðar

Öllum öðrum félögum innan Sundsambands Íslands er boðin þátttaka í annarri deild. Ef færri en sex lið boða þátttöku í annarri deild hefur stjórn SSÍ heimild til að bjóða B- og C- liðum þátttöku, en þau lið keppa utan stigakeppni og verðlauna.

Staðfesting þátttöku

Félög þurfa að staðfesta þátttöku fyrir kl. 23:00 föstudaginn 11. september 2026. Ekki þurfa endanlegur keppendalisti eða greinaröðun að fylgja með staðfestingu, aðeins að liðið ætli að taka þátt.

Staðfestingum skal skilað í gegnum [þjónustuvef SSÍ](#).

Skráning keppenda og greina

Skáningum skal skilað á lenex formi í gegnum þjónustuvef SSÍ. Lokafrestur til að skila inn skráningum er til kl. 12:00 fimmtudaginn 24. september 2026.

Skráningar eru trúnaðarmál þar til þær eru birtar skv. reglugerð mótsins.

Frestur sem þjálfarar hafa til að gera breytingar á liðsskipan og skila boðsundsskráningum rennur út 60 mínútum fyrir upphaf viðkomandi mótshluta.

Skráningargjöld eru skv. verðskrá SSÍ.

Liðsskipan og helstu reglur

Fyrsta deild

- Þrjú lið
- Tveir keppendur frá hverju liði í hverri einstaklingsgrein
- Ein boðsundssveit í hverri boðsundsgrein
- 8-12 keppendur af hvoru kyni frá hverju liði

Önnur deild

- Allt að sex lið
- Einn keppandi frá hverju liði í hverri einstaklingsgrein
- Ein boðsundssveit í hverri boðsundsgrein
- 5-8 keppendur af hvoru kyni frá hverju liði

Almennar takmarkanir

- Keppendur skulu verða að minnsta kosti 12 ára á árinu
- Hver keppandi má synda að hámarki fjórar einstaklingsgreinar og þrjú boðsund
- Karlakeppni og kvennakeppni mynda aðskildar stigakeppnir.

Reglugerð um Bikarkeppni SSÍ

1. grein

Bikarkeppni SSÍ 1. og 2. deild skal haldin ár hvert og fer hún fram í 25 metra laug.

2. grein

Liðum í Bikarkeppni SSÍ 2026 er raðað í deildir útfrá árangri í Bikarkeppni árinu á undan.

Fyrir næstu ár:

Liðum er raðað í deildir útfrá styrkleika liðanna. Samanlagður stigafjöldi liðanna ræður og eru afrek úr 25m laug frá 1. júní til 31. desember árið á undan keppni notuð til grundvallar. Þessi grein er enn í mótun og vinnur skrifstofa SSÍ að því að útfæra þetta nákvæmlega útfrá því hvað gagnagrunnur SSÍ og tölvukerfi býður uppá. Stjórn SSÍ mun gefa út í það minnsta mánuði fyrir keppni hvernig röðunin verður.

3. grein

Lið tilkynna þátttöku í Bikarkeppni SSÍ með minnst 15 daga fyrirvara. Tilkynningin er bindandi.

Skráningum í greinar skal skila tveimur sólarhringum fyrir upphaf móts og verður farið með skráningar sem trúnaðarmál þangað til að þær verða gerðar opinberar 30 mínútum fyrir hvern mótshluta.

4. grein

Í 1. deild eru 3 lið, hvert lið er með 2 keppendur í hverri einstaklingsgrein og 1 boðsundssveit í hverri boðsundsgrein. Í 2. deild eru að hámarki 6 lið, hvert lið er með 1 keppenda í hverri einstaklingsgrein og 1 boðsundssveit í hverri boðsundsgrein. Náist ekki 6 lið í 2. deild hefur stjórn SSÍ heimild til að bjóða öðrum félögum að skrá B- eða C-lið til þátttöku. Þessi lið keppa utan stigakeppni og verðlauna.

Hver keppandi má synda að hámarki 4 einstaklingsgreinar og 3 boðsund í báðum deildum. Allir keppendur skulu vera 12 ára eða eldri á árinu. Mótshlutar 1. deildar og 2. deildar eru aðskildir.

5. grein

Í 1. deild skal fjöldi keppenda af hvoru kyni vera á bilinu 8-12 og í 2. deild á bilinu 5-8 frá hverju liði. Nafnalisti fyrir keppendur skal berast SSÍ með skráningum.

Frestur til að skila inn boðsundum og gera breytingar á liðsskipan rennur út 60 mínútum fyrir upphaf hvers keppnishluta. Endanlegar skráningar verða aðgengilegar 15 mínútum síðar, eða eins fljótt og auðið er.

6. grein

Sundsamband Íslands tilkynnir dagsetningu og mótsstað með minnst tveggja mánaðar fyrirvara. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarrar sundkeppni á vegum sambandsaðila SSÍ.

7. grein

Dagskrá mótsins er sú sama fyrir báðar deildir, tveir keppnishlutar á einum degi.

Kvenna	Laugardagur f.h.	Karla	Karla	Laugardagur e.h.	Kvenna
1	4 x 50 fjórsund	2			
3	200 skriðsund	4	21	200 flugsund	22
5	100 bringusund	6	23	100 baksund	24
7	50 baksund	8	25	50 bringusund	26
9	100 fjórsund	10	27	200 fjórsund	28
11	50 skriðsund	12	29	100 skriðsund	30
13	200 baksund	14	31	50 flugsund	32
15	100 flugsund	16	33	200 bringusund	34
				800 (1. deild) / 400 (2.	
17	400 fjórsund	18	35	deild) skriðsund	36
19	4 x 100 skriðsund	20	37	4 x 50 skriðsund	38

8. grein

Mótið er stigakeppni milli félaga. Stig verða veitt út frá sætum út frá tíma.

Stigahæsta karlalið og stigahæsta kvennalið í 1. deild hljóta sæmdarheitið BIKARMEISTARI ÍSLANDS Í SUNDI í karla- og kvennaflokkum og gullverðlaun. Liðið sem hreppir 2. sætið í 1. deild vinnur silfurverðlaun. Á sama hátt skal verðlauna tvö

efstu liðin í karla og kvennaflokki í 2. deild, 1. sætið hreppir gullverðlaun og 2. sætið silfurverðlaun. Ef lið eru jöfn að stigum skulu úrslit úr boðsundum ráða sætaröðun þeirra. Ef lið eru enn jöfn skal hlutkesti ráða röð liða.

Sæti	Einstaklingsgreinar	Boðsundsgreinar
1.	7 stig	14 stig
2.	5 stig	10 stig
3.	4 stig	8 stig
4.	3 stig	6 stig
5.	2 stig	4 stig
6.	1 stig	2 stig
Ógilt	0 stig	0 stig

9. grein

Tæknifundi skal halda í samræmi við gildandi reglur.

Ágúst 2026